

**Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs**  
**56. fundur, haldinn að Lyngási 12, 21. mars 2013**

**Mættir:** Björn Ármann Ólafsson, Þórhallur Þorsteinsson, Skúli Björn Gunnarsson og Jóhann F. Þórhallsson. Ruth Magnúsdóttir var sein fyrir og mætti kl. 17.50. Einar Kr. Haraldsson boðaði forföll. Jafnframt sat fundinn Ragna Fanney Jóhannsdóttir aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar.

**Dagskrá:**

- 1. Dagskrá fundar og undirritun fundargerða**
- 2. Skýrsla um Vonarskarð**
- 3. Drög að atvinnustefnu fyrir Vatnajökulspjóðgarð**
- 4. Stjórnunar- og verndaráætlun eins og hún liggur fyrir stjórn**
- 5. Næsti fundur**
- 6. Önnur mál**

*Björn Ármann stýrði fundi og setti hann kl. 16.30.*

**1. Dagskrá fundarins og undirritun fundargerða**

Formaður fór yfir dagskrá fundarins. Engar athugasemdir gerðar við hana. Fundargerð 55. fundar sem samþykkt hafði verið í tölvupósti var undirrituð.

**2. Skýrsla um Vonarskarð**

Svæðisráð hafði fengið senda skýrslu sérfræðingahóps um Vonarskarð. Fundarmenn voru sammála um að vinna sérfræðinganna væri vönduð og niðurstöður byggðar á gildum rökum. Skýrslan ætti því að geta verið það sem henni var ætlað, undirstaða endanlegrar ákvörðunar um umferð gegnum Vonarskarð til framtíðar.

**3. Drög að atvinnustefnu fyrir Vatnajökulspjóðgarð**

Formaður lagði fram nýjustu drög að atvinnustefnu fyrir þjóðgarðinn. Hún er enn í vinnslu og mun koma inn á borð svæðisráðs til frekari umfjöllunar fram á vor. Svæðisráð telur þær breytingar sem gerðar hafa verið frá síðustu umræðu ráðsins um drögin vera til bóta og ítrekar fyrri orð um að sjálfbærni sé mikilvægt leiðarljós fyrir stefnuna.

**4. Stjórnunar- og verndaráætlun eins og hún liggur fyrir stjórn**

Formaður gerði grein fyrir stöðunni í vinnunni við endurskoðun Stjórnunar- og verndaráætlunar. Fyrir fundinum lágu nýjust drög og var farið yfir þau.

Svæðisráð vekur athygli á að á bls. 69 (lína 1811) hefur misritast „vestursvæði“ þar sem á að standa „austursvæði“ varðandi burðarsvæði hreindýra.

Jóhann vakti athygli á orðalagi um deiliskipulag og aðalskipulag á bls. 17 (línur 472-476) þar sem gefið er í skyn að sveitarfélag sé skyldað til að breyta sínu aðalskipulagi samkvæmt deiliskipulagi. Gæta þarf þess að orðalag standist skipulagslög þar sem skipulagsvaldið er skýrt hjá sveitarfélaginu.

Umræða varð um vegi og slóða innan austursvæðis og mikilvægi þess að skýra það hver beri ábyrgð á hvaða leiðum. Formaður sagði umræður enn í gangi við Vegagerðina en engin niðurstaða fengin þó að vonir stæðu til að hún lægi fyrir þegar stjórnunar- og verndaráætlunin yrði staðfest.

**5. Næsti fundur**

Ákveðið að halda næsta fund sumardaginn fyrsta 25. apríl og að hann verði auglýstur opinn og hafður með svipuðu sniði og á síðasta vori í Snæfellsstofu.

## 6. Önnur mál

- a. Formaður kynnti fyrir fundinum svohljóðandi bókun bæjarstjórnar Fljótshéraðs frá 20. mars:

*Bæjarstjórn Fljótshéraðs leggst ekki gegn hugmyndum um stækkun Vatnajökulshéraðs á Austursvæði, er fram koma í erindi umhverfis- og auðlindaráðuneytisins dags. 7. janúar 2013, enda leiði slík stækkun til áframhaldandi uppbyggingar á svæðinu með m.a.:*

- *Fjölgun heilsársstarfa á svæðinu m.a. með stöðu hálendisfulltrúa er sinni fræðslu og eftirliti á því landsvæði er vinnuhópur um stækkun Vatnajökulshéraðs leggur til að verði hluti þjóðgarðsins í fyrsta skrefi, auk þess að aðstoða við skipulag svæðisins.*
- *Fjölgun landvarðarstarfa yfir sumarmánuðina og fram á haust.*
- *Að kynning á starfsemi og umfangi þjóðgarðsins verði eflað á Egilsstöðum, sem eru gatnamót umferðar ferðamanna og annarra til og frá á Austurlandi.*

*Jafnframt leggur bæjarstjórn Fljótshéraðs áherslu á að almenn sátt verði tryggð við nærsamfélagið og hagsmunaaðila um umgengni í landi þjóðgarðsins enda sé slík sátt lykillinn að farsælli þróun þjóðgarðsins til framtíðar.*

*Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.*

Svæðisráðs fagnar niðurstöðu bæjarstjórnar Fljótshéraðs um stækkun.

- b. Ruth greindi frá því að á síðasta stjórnarfundum hefði verið rætt um fimm ára afmæli þjóðgarðsins 7. júní. Ragna Fanney sagði starfsfólk á austursvæði hafa rætt um hvað hægt væri að gera og einhverjar hugmyndir komnar fram sem eftir á að móta.
- c. Ragna Fanney sagði frá því að þjóðgarðurinn hefði tekið upp samstarf við Fljótshéraðshrepp um landvörslu við Hengifoss í sumar.
- d. Umræða varð um skiltamál og kynningu. Allir sammála um nauðsyn þess að koma upp skiltum sem kynna garðinn á Egilsstöðum og jafnvel uppi á brún Fjarðarheiði. Ýmislegt fleira rætt í þessu sambandi.

*Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 18.40.*

Björn Ármann Ólafsson

Skúli Björn Gunnarsson fundarritari

Jóhann Þórhallsson

Ruth Magnúsdóttir

Þórhallur Þorsteinsson